# Hannes Jónsson

Bjarni Benediktsson – Hannes Jónsson – Ólafur Thors – Síldveiðar – Óskar Clausen – Óðinn

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65,

Reykjavik 23. júni 194o.

Herra

prófessor Bjarni Benediktsson.

Eg leyfi mjer enn að skrifa yður nokkrar linur, ef ske mætti að bendingar minar væru að einhverju gagni. Eg bið yður vera þess fullvissan, að þetta er aðeins af áhuga fyrir mjer, en ekki af því að eg vilji troða mjer eða skoðunum minum fram. Og eg mun ekkert segja annað en það, sem eg veit sannast og rjettast.

Að eg legg svo mikið kapp á að bæjarvinna og önnur opinber vinna fari þegar i gang, og það með fullum vinnutima, er af þeirri megnu óánægju sem er meðal verkamanna alment, en atvinnulausra Óðinsmanna sjerstaklega, yfir því aðgerðaleysi sem þeim fynst sýnd og ónærgætni i þeirra garð, því allir viðurkenna skort og bágindi atvinnuleysingja. Sjálfstæðismönnum finst það gert i blóra við þá að opinberar framkv. eru mjög litlar, en á þeim virðist þeim full þörf nú þar sem einstaklingsframtakið geti ekki notið sin vegna ófriðarástandsins. Af öllum hinum flokkunum er dyggilega róið undir og alið á óánægjunni, Sjálfstæðisflokknum, eða forustumönnum hans, kent um alt og allskonar kviksögum komið i gang. T. D. er ein sú, að Ólafur Thors hafi bannað að láta bæjarvinnuna og aðra opinbera vinnu byrja fyr en sildveiðar væru hafnar. Hafi hann ætlað að gera með því tilraun til að lækka kaup á sildveiðum. Slikum og þvilikum sögum er lætt fram og þær magnast i vandræðunum, en erfitt að mótmæla þeim þegar ekkert liggur fyrir opinberlega og þá verður litið á mann sem nokkurskonar agent atvinnurekenda það er til að afsanna slikt sem eg óskaði eftir framkv.

Þá er með móvinnuna, að þar hafa orðið hraparleg mistök. verkamenn gerðu sjer þar von um aukna vinnu en sem ekkert hefir orðið úr. Og það sem verra er að bæjarstjórnin hefir þar leitað til miður heppilegra

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

spekúlanta um framkvæmdir. Þeir taka menn fyrir sára litið kaup, litil trygging um greiðslu, en ágóðinn tryggur. Eg bendi yður aðeins á Óskar Clausen. Hann selur bænum fyrir 4o þús., en mun greiða i kaup ca. lo þús. Þetta er áberandi. Hann greiðir 15o.oo og 25o.oo á mánuði, eða lofar, og af þvi eiga menn að kosta sig. Mótakið átti að vera frekar af atvinnuþörf en eldsneytisþörf. Bærinn átti sjálfur að láta það i smá akkorðum til verkamanna og hefði þá ekki þurft að vera tap, ef heiðarlegir eftirlitsmenn voru.

Eg myntist á vandræðin sem af þvi stafa að vera sama og borgarstjóralaus. Borgarritarinn er ófær i þá stöðu, of óákveðinn, kærulaus og óreglusamur. Eg veit um dæmi þess. Vegna þess verður stjórnleysi á skrifstofunni og fyrirtækjum bæjarins, og ganga sögur um klikur til spekúlationa, sem sjeu meðal starfsmanna bæjarins, og hygg eg að nokkuð sje satt i þeim, enda get fært likur ef ekki sannanir að þvi. Slikt má ekki eiga sjer stað, nje að hinir og þessir ráði starfsmannavali, eins og enn er, þó jeg viti að bætt hafi verið um. Öll vinna verður að vera ráðstafað af einum stað, og leggja vinnumiðlunarstofuna niður.

Ef Óðinn á ekki að sundrast, en það væri mikill álitshnekkir fyrir Sjálfstæðisflokkinn, þá verður að koma fjelögunum að vinnu, svo verkamenn sjái að eftirsóknarvert sje að fylgja flokknum. Þetta er nauðsynlegt vegna starfsaðferða hinna flokkanna. En stjórn Óðins er of dauf, safnar ekki uppl. um atvinnuleysi fjelaganna, og gefur jafnvel upp minna en það er. Þetta þarf að breitast og koma meiri áhugi og almenn þátttaka i starfinu. Jeg vil geta þess, að þó Sigurður Halldórsson væri talsvert tannhvass á siðasta fundi þá var honum full vorkun. Hann var á fyrri fundi bryndur mjög, en þeir, sem þá voru ákafastir ýmist þögðu nú eða sögðu litið. Málflutningur Sigurðar nú er rómaður af verkam.

Eg gat þess að of litið eftirlit væri með fyrirtækjum bæjarins. T. d. garðavinnan. Þar er mjer sagt að einstakir menn hafi komist með laun i vor yfir tvö hundruð krónur á viku. Eftirvinna og helgidagavinna unnin að óþörfu til hagsmuna fyrir vini ráðunautsins. Eg veit þetta er að nokkru satt. Þetta má ekki ske, en það eru viðar mistök. Það verður

sjá hin um.

að koma harður, strangur og heiðarlegur borgarstjóri, sem gerir rjett og þorir að standa við það. Og það er víst, að víða er þörf á starfsmannabreitingu hjá hænum. Eg hefi löngu vitað um ýmisl. misjafnt án þess eg hafi haft orð á.

Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn sitja báðir á svikráðum við Sjálfstæðisflokkinn og hafa altaf gert. Þeir vinna í leyni að því að grafa undan honum og sundra. Þeir hafa fyrir að nokkuð fáist leiðrjett og ætla svo að benda á að Sjálfstæðisflokkurinn sje vanmáttugur og komi engum málum fram. Því á að sýna þeim í tvo heimana strax og hefja harðan áróður gegn þeim. Eg get fullvissað yður um að þetta er vilji almennings.

Stefna Sjálfstæðisflokksins verður að vera sú, að gera alla sjálfstæða eftir því sem við verður komið. En ekki að gera nokkra of sjálfstæða en troða aðra niður í skitinn.

Eins og alþjóðastjórnmálin horfa nú er ekki annað sýnileft en að hagfræðikerfi þjóðernisjafnaðarstefnunnar verði ráðandi að miklu leiti nú um skeið, enda er það að mörgu praktiskt. Eg veit að óþroskaður flokkur manna vill gína við því ómeltu eins og það kemur erlendis frá, en aftur að Framsókn ætlar að tileinka það stefnu sinni. Væri nú ekki rjett að Sjálfstæðisflokkurinn tæki inn í stefnu sína og samræmdi henni frjálslegustu og viturlegustu atriðin, sem best eiga við íslenskt lundarfar og staðhætti. Yrði þannig fyrri til að forðast öfgarnar og erlendu áhrifin að öðru. En til þess að marka stefnuna þyrfti að gefa hana út í bók eða tímariti, af reyndum, ákveðnum en þó frjálslindum mönnum. Eg held það væri þarft verk.

Eg bið yður afsaka þetta brjef og virða mjer til vorkunar að eg skrifa það. Það er af áhuga fyrir málefninu. En brjefið er lakara en eg hefði óskað vegna þess eg er illa fyrirkallaður – hálf lasinn.

Það sem athuga þarf er: Óánægja með stjórnarsamvinnuna vegna þess litið ávinnst, óánægja með Sjálfstæðisflokkinn fyrir deyfð. Úr því þarf að bæta.

Yðar einlægur.

Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65,

Reykjavik 21. júni 1940.

Herra

prófessor Bjarni Benediktsson,

Reykjavik.

Sem framhald á viðræðunum á fundinum i gærkveldi vil eg alvarlega biðja yður að gera alt, sem þjer megið eða getið við komið, til þess að bæjarvinna geti þegar hafist, jafnvel þó i smáum stil sje til að byrja með. Eins að beita áhrifum yðar til annarar aukinnar opinberrar vinnu. Jeg fullvissa yður um að þetta er nauðsynlegt allra hluta vegna. En þvi sný eg mjer til yðar að þjer eruð einn af þeim örfáu mönnum, sem við verkamenn berum enn fullt traust til, og veldur þar um hreinskilni yðar. Eg bið yður ekki að taka þetta sem skjall, þvi það er altaf fjarri mjer, en jeg segi satt.

Jeg vil benda yður á, að mjög margt fer miður en skyldi vegna þess bærinn er sama og borgarstjóralaus, þvi borgarritarinn er tæpast fær um að bera þá ábyrgð.

Á sunnudaginn mun eg leyfa mjer að skrifa yður nánar. Mjer er alvörumál að eitthvað megi úr rætast.

Yðar

með virðingu.

Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65 10/12 '39.

Herra prófessor Bjarni Benediktsson,
Laugaveg 66, Rvík

Vigfús Vigfússon, Garðauka, í Kaplaskjóli, skrifar Bæjarráði umkvörtun um að hann hafi orðið afskiftur um vinnu. Ég þekki hann vel og þykist mega fullyrða að hann segi satt. Hann er prúður og hlédrægur ágætismaður. Guðmundur Eiríksson bæjarfulltrúi gæti gefið upplýsingar um hann. Mér væri mjög kært ef eitthvað væri hægt að gera fyrir Vigfús.

Af hendingu hefi ég orðið þess var, að Þorláki Jónssyni á Ráðningarstofunni hefir verið krafinn um meðlimsgjald í Framsóknarfélagi Rvíkur. Það komu reyndar vöflur á hann, vegna þess einn maður var með drengnum, sem krafði gjöldin. En eitthvað er óhreint við þetta, og einkennilegt að fastir starfsmenn bæjarins séu í því félagi, er þeir líka þykjast vera Sjálfstæðismenn. Máske Sigurður Heiðdal hafi þar fengið lista yfir atvinnuleysingja? Annars var skráð ~~þá~~ í Framsókn margir, sérstaklega umsækjendur og handverksmenn, líklega í þeirri von að fá viðskifti við ríkisfyrirtækin. Eins margt af starfsfólki við ríkisfyrirtækin. Hvort Gunnar er sama sinnis og Þorlákur veit ég ekki. En framkoma Ráðningarstofunnar hefir verið einkennileg.

Ég vildi mega benda yður á, að ýms lög, sem nú eru fyrir þinginu eru mjög óvinsæl hjá verkamönnum. T.d. ríkislögreglan, framfærslulögin að nokkru, þegnskylduvinnan og nokkur fleiri. Það er reynt að túlka framfærslulögin sem þrælalög, og væri æskilegt að skýra strax í blöðunum, að það sé meiningin að framkvæma þau á frjálslyndan og mannúðlegan hátt, verði þannig fyrir til

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur en þeir sem afflytja þau.

Eins er með þegnskylduvinnuna að hún hefir ekki byr hjá verkamönnum. Það er unglingavinna líkt og verið hefir á þingvöllum, sem er vel látin. Mætti hún vera lögð launuð ef nauðsynlegt væri. En að unglingarnir læri að meta gildi þess að vinna vel, og fái laun fyrir eftir frammistöðu.

Um ríkislögregluna mundi menn sætta sig við að núverandi lögregla mætti fjölga til eftir þörfum, en ekki hafa aukalögreglu. Og ekki má skapa neinum einræði yfir henni.

En eg teldi sérstaklega nauðsynlegt að hefja þegar blaðaskrif um þessi mál og fleiri, sem óánægja ~~er~~ er með, og að Sjálfstæðisflokkurinn vildi vera mannúðlegur og frjálslyndur. Annars er hætt við að hann að nokkru missi það góða álit og traust, sem hann nú nýtur meðal verkamanna.

Eg hefi haft löngun til að hreifa þessum málum í Óðni, en þori það tæplega.

Yðar einlægur
Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65
Reykjavík 27 nóv. '39

Herra prófessor Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Ég var á stofnfundi Sjálfstæðisfélagsins Víkings í kvöld, en fundinum í gær kl. 4 var hann hjá Gísla Jónssyni; og treysti ég mér ekki til að fara þangað.

Á fundinum í kvöld var tilkynnt að stofnendur væru á 4 hundrað og bættust talsvert margir við eftir það. Það voru menn af öllum stéttum, milli 10 og 20 Óðinsmenn, álíka margir þjóðernissinnar, sem menn ætla að reyna að hafa áhrif á félagið, svo og tveir smákaupm. og tveir heildsalar, Einar Guðm. og Friðrik Magnússon, eitthvað af kennurum. Af athafnamönnum tók ég ekki eftir nema Magnúsi Guðm. bátasmið og Bjarna verkstjóra í Hamri. En það var mjög áberandi hve þar var margt af gömlum, einlægum og alvarlegum Sjálfstæðismönnum. Einnig voru nokkrar konur úr „Hvöt“.

Bráðbirgðastjórn var kosin: Gísli formaður, meðstjórnendur: Gunnar Pálsson, Bjarni í Hamri, Bogi Benediktsson og teiknari, sem mig minnir að héti Erlendur.

Fundurinn út af fyrir sig var ekki neitt hættulegur, þó deilt væri á stefnu Sjálfstæðisflokksins, eða flokksforustuna. En stofnun félagsins hefir vakið háværa öldu þeirra óánægðu, það hefi ég orðið mjög víða var við, og þessi alda verður ekki stöðvuð með hörku eða mótstöðu, heldur mundi hún magnast við það.

Ég tel því æskilegast að reyna að ná sem fyrst samkomulagi við þá rólegustu innan þessarar stefnu, þar á meðal við Gísla Jónsson, um sameiginlega stefnu Sjálfstæðis-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flokksins. Ég held það gæti tekist viðunandi ef lagni er beitt. Og það yrði að gerast áður en lengra er farið. Ef til vill verður ~~nauð~~ nauðsynlegt að koma til þingkosninga.

En hættuna tel ég aðallega þá, að ef mótstaða og harðleikni verður beitt, þá muni þjóðernissinnar og þeir, sem standa þeim næst, ~~ná~~ ná yfirtökum á þessari hreyfingu, sem ég tel að ekki verði stöðvuð, eftir því sem mér virðist almenningsálitið. En það gæti orðið til að sprengja Sjálfstæðisflokkinn, og til þess tel ég þjóðernissinna ætlast.

Ég hefi ekki getað komist að því, hverjir helstu peningamenn standa að þessum félagsskap, en ég held mér sé óhætt að fullyrða að þeir hafi nægilegt fé. Líka láta þeir í veðri vaka að áttmenningsþingmennirnir frá í vor muni allir standa með sér, nema Jakob Möller.

Frekari upplýsingar sendi ég strax og ég hefi getað aflað þeirra. En ég endurtek að mjög æskilegt væri að ~~[illegible]~~ yrði reynd samvinna ef mögulegt væri. Þjóðstjórnin er að verða mjög óvinsæl að því er mér virðist.

Yðar einlægur
Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65.
Reykjavík 22. nóv. 1939.

Herra prófessor Bjarni Benediktsson.

Fyrir hönd Þorsteins Sigurðssonar, Grettisgötu 13. hefi ég í dag sent Bæjarráði beiðni um lækkun á útsvarsskuld hans, úr kr. 2920.00 niður í kr. 1000.00, sem hann þá yrði að borga tafarlaust. Þorsteinn er mjög duglegur maður, sem vill standa í skilum. Hefi ég að nokkru gert grein fyrir erfiðum fjárhagsástæðum hans í beiðninni, en áður við Borgarritara. Ég þori [illegible] Þorsteini nú, og vona að allt sem ég segi sé rétt.

Ef þetta kæmi til úrskurðar yðar sem Bæjarráðsmanns, þá vildi ég persónulega biðja yður að gera það sem þér teljið fært til þess málaleitun komi til athugunar, með því ég tel það mundi hjálpa framtíð góðs borgara, sem á velvilja skilið.

Yðar einlægur
Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65,
Reykjavík 8. nóv 1939.

Herra prófessor Bjarni Benediktsson.
Reykjavík.

Eg sendi yður hérmeð nokkrar tillögur um breitingu á lögunum um verkamannabústaði, ef ske kynni að yður fyndist einhver þeirra verð athugunar. Væri æskilegt að reynt yrði að koma að hyggilegum breitingum á nefndum lögum nú við fullnaðarsamþykkt bráðabirgðalaganna.

Vegna þess mér fynst afarmikill drættur orðinn á því, hvort samvinna getur tekist við Alþýðuflokkinn í verkalýðsfélögunum, en þá samvinnu tel ég æskilega ef hún fæst með réttum skilyrðum, þá sendi ég s.l. laugardag grein til Morgunblaðsins. Sú grein hefir ekki birtst enn, þó því væri lofað.

Mér var áhugamál að greinin kæmi sem fyrst, því ég vissi að halda átti fund í Sjómannafélaginu og kjósa þar uppstillingarnefnd, en kosning byrjar í des.

Á fundinum var gott samkomulag milli krata og kommúnista, og var kommúnisti tekinn í uppstillingarnefnd en ekkert tillit tekið til Sjálfstæðismanna. Svo segir mér sambýlismaður minn Guðm. H. Guðmundsson, sem er félagi í Óðni.

Mér þykir jafnaðarmenn pukrast of mikið og vil heimta af þeim ákveðin svör um, hvort þeir vilji heiðarlega samvinnu.

Yðar
Með virðingu
Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65,
Reykjavík 26/10 1939.

Herra prófessor Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Ég bið fyrirfram afsökunar á að ég snúi mér til yðar með efni bréfs þessa, en það er vegna erfiðleika minna, ef ske kynni að þér gætuð úr bætt.

Ég hefi tólf manns í heimili: Sonur minn vinnur í bæjarvinnunni, en þá styttist nú vinnutíminn. Ég er öryrki, og get ekki unnið erfiðisvinnu.

Framfærslufulltrúinn vill ekki láta mig fá nema kr. 110.00 alls á mánuði (þar í örorkubætur mínar, sem mér eru afhentar sem framf.styrkur), en segir að ég eigi að lifa á vinnu drengsins. Hann hefir afhent mér í sumar kr. 50.00 á viku, en mér fannst ekki forsvaranlegt að taka meira af honum, (og svo minnkar nú kaup hans) því það drepur alla sjálfstæðishvöt og þrek hjá honum. Ég get ekki látið heimilið lifa á þessu, þrátt fyrir góðan vilja, kann vera að ég sé ofgóðu vanur frá fyrri tímum.

Mig langar ákaft til að vinna eitthvert létt starf, sem ég gæti styrkt heimili mitt með, gildir einu hve auðvirðilegt það væri. En það vill enginn hjálpa mér til þess. Ég spyr yður hvort þér ekki gætuð liðsinnt mér neitt, ég efast ekki um góðan vilja yðar.

Ég hefi nokkra hæfileika og er áreiðanlegur, þó mér hafi orðið á í óhamingju og óhappaverk.

Ég veit yður er kunnugt um að ég er einlægur sjálfstæðismaður. Og þó ég segi sjálfur frá, þá hefi ég a.m.k. tvisvar unnið Sjálfstæðis-flokknum mikið gagn, þó hann viti það ekki, því ég hefi ekki haldið því á lofti eða ætlast til þakklætis fyrir.

Með þakklæti fyrir það, sem þér kunnið að geta gert fyrir mig.

Yðar
með virðingu
Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65 11/6 - '39.

Herra

prófessor Bjarni Benediktsson,

Laugaveg 66.

Vilduð þér ekki beita áhrifum yðar til þess, að Morgunblaðið og Vísir hvettu sjálfstæðismenn til þess, að taka þátt í fundi Byggingafélags alþýðu, sem verður n.k. þriðjudagskvöld kl. 8 í Iðnó. Jafnframt að blöðin reyndu að hafa áhrif á almenningsálitið, sérstaklega þá, sem bíða eftir íbúðum, um þessi mál, og framtíðarskipulag byggingamála verkamanna. Ég held það sé tilvalinn tími nú.

Einnig þætti mér vænt um ef þér vilduð kynna yður, og koma á framfæri, grein, sem ég sendi Jóni Kjartanssyni ritstj. við Morgunblaðið í gærmorgun. Greinin var mótmæli; þó ekki beint, gegn tækifærisstefnunni í verklýðsmálum, sem haldið var fram í Vísi á föstudag, en sem mælist illa fyrir hjá Alþýðuflokknum og gerir stjórn Óðins erfiðara fyrir.

Greinin var merkt: Óðinsfélagi nr. 251., og þætti mér vænt um að hún væri birt, breytt eða óbreytt, þætti hún til þess hæf.

Yðar

Með virðingu

Hannes Jónsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65 8/6 1939.

Herra

prófessor Bjarni Benediktsson,

Laugaveg 66.

Ef mögulegt væri þá þyrfti að fjölga í bæjarvinnunni um minst 100 manns nú þegar, og mætti þá fækka aftur henni að mestu er hitaveitan byrjar. Það er sár óánægja hjá þurfandi barnamönnum, vegna skorts og örbirgðar.

Það þyrfti að ákveða nú þegar hverjir unglingar fengju vinnu á Þingvöllum, svo hinir leituðu annað, en þeir bíða margir.

Það þarf að athuga með hafnarvinnuna, og láta Ráðningarstofuna fá áhrif þar. Það er óánægja með að vel stæðir ungir menn hafa fengið þar vinnu nýlega, en fjölskyldumenn ganga atvinnulausir.

Það þarf að undirbúa áhrif Sjálfstæðismanna í Byggingafélagi alþýðu með því, að láta menn ganga í félagið.

Sjálfstæðisblöðin sinna of lítið um baráttuna í verklýðsfélögunum og hagsmunafélögum alþýðu. Sjálfstæðisflokkurinn þarf að láta fjöldann finna til þess, að hann taki tillit til hans, meðan svona mikið los er og sundrung. Annars má búast við að menn fari til hægri eða vinstri; út í öfgar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óðinn þarf að fá, helst strax, sína fulltrúa inn í fulltrúaráðið, og að fá náið tækifæri til að fylgjast alstaðar með í samstarfinu.

Það þarf að hafa gætur á því, að ekki geti komið upp sundurþykkja á milli Sveins Jónssonar, Lvg. 64, og Kristins Árnasonar, en á því tel ég e.t.v. hættu. Þeir eru báðir ágætir menn, en stórlyndir, ef rægt væri á milli. Gísli Guðnason og Axel Guðmundsson eru báðir ágætir og öruggir. Sveinn Sveinsson er yfirborðs-maður og áhrifagjarn, en getur verið góður ef hans er gætt. Jón Björnsson er ekki hægt að reiða sig á; en Ingvi Hannesson er hættulegur vegna lausmælgi.

Sigurði Halldórssyni er ekki hægt að hjálpa vegna istöðuleysis og lundarfarsgalla.

Sundurþykkja er komin milli Héðins og Kommanista að ég held. Þorsteinn Pétursson er farinn úr stjórn Dagsbrúnar, en Árni Guðmundsson bílstj. mæti í hans stað.

Bið yður afsaka þessa framhleypni mína.

Yðar
með virðingu
Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásvallagötu 65 – 30/1 – '39

Herra prófessor Bjarni Benediktsson

Samkv. viðtali við Svein Jónsson skrifa jeg yður þessar línur.

Orðróm um stofnun nýs flokks – klofning Sjálfstæðisflokksins – varð jeg var við strax í haust, er umtal um gengislækkun hófust. Hefir hann mjög aukist nú undanfarið, sjerstaklega eftir umtalið um myndun þjóðstjórnar, eða samvinnu við Framsókn. Er megn óánægja með daufa forustu Ólafs Thors, sagt að Kveldúlfur dragi hann niður.

Þetta er áreiðanlega álit verslunarstjettarinnar, a.m.k. smákaupm., verkamanna og sjómanna. Þó er einvarandi fylgi þessar stjetta með stefnu Sjálfstæðisflokksins í grundvallaratr. Þetta er áreiðanlega skoðun fjöldans, en ekki mín ein.

Guðmundur Guðjónsson form. matv.kaupm. sagði mjer eftirfar.: Í stjórn matvörukaupm. væru fjórir af fimm (Sigurliði Kristjánsson) ákveðnir í að senda Sjálfstæðisflokknum úrslitakosti þess efnis, að ef ~~lokið~~ gengið yrði lækkað fyrir atbeina Sjálfstæðisflokksins, þá væri lokið stuðningi þeirra, og mundu þeir þá ganga að stofnun nýs flokks með öðrum óánægðum, sem eru embættismenn, allir smákaupm. og verslunarmenn, auk verklýðsstjettanna. Jeg veit að þessi áhrif ná upp í Verslunarráðið, eða eru komin þaðan. Jeg veit ekki hvort heldur er, en skrifstofustjórinn þar veit það. Eg hefi heldur ekki enn getað komist að hverjir eru forsprakkarnir, því þeir fara dult. Eg reyni að afla upplýsinga og læt þær í té, ef fæst.

Þetta mundi væntanlega verða fjölskipaður flokkur ef myndaðist,

Guðmundur sagði mjer, að komið hefði til sín embættismenn úr Framsókn, og beðið sig að hafa forustu um mótþróa gegn gengislækkun, en hefði ekki þorað að koma sjálfur fram, en lofað stuðningi á bak.

Hann sagði mjer, að ekki væri haldinn fundur í Verslunarráði vegna ótta við umræður um þessi mál og ágreining þar af.

Jeg gat búist við að strax eftir vissu um gengisbreytingu yrði haldinn fundur í fjelagi matvörukaupm. Þá haldinn bæjarfundur og svo flokksmönnum og komið þá fyrirspurnum fram. Þetta eru nokkurnvegin orð Guðmundar.

Þær stéttir, sem jeg gat um eru yfirleitt andvígar þjóðstjórn eða samvinnu við Framsókn, telja Sjálfst.fl. tapa á því.

Þær vilja þingrof og kosningar.

Þær eru algerlega andvíga gengislækkun.

Þær viðurkenna vandræði sjávarútvegsins og nauðsyn að hjálpa.

Þær vilja að lækkuð sjeu laun embættismanna, hálaunaðra, fækkun embættismanna, samfærsla og sparnað í ríkisrekstri og afnám einkasalanna o.m.fl. þeim annmörkum. Og að það er þannig sparaðist, gangi til útgerðarinnar.

Þetta er áreiðanlegt svo, þó jeg segi.

Sjálfur held jeg að tilboð Framsóknar sje aðeins gildra.

Heyri jeg eitthvað áreiðanlegt segi jeg Sveini það.

Bið yður afsaka þetta.

yðar einlægur

Hannes Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur